

8. fundur og jafnframt aukafundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn 7. ágúst 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Úlfar Eyjólfsson Krossnes 1. varamaður vegna fjarveru AB og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá:

Til umræðu er framlögð fundargerð skipulagsnefndar samþykkt á fundi nefndarinnar 1. ágúst síðastliðinn varðandi leyfi til 1) efnistöku úr námu ES3 í botni Ingólfsfjarðar og 2) leyfis til efnistöku í landi Eyrar allt að 12 m út fyrir miðlínu Ófeigsfjarðarveggar vegna viðhalds (649)

Niðurstöður hreppsnefndar eru eftirfarandi.

1. VesturVerk ehf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu merktri ES3 skv. aðalskipulagi 2005 -2025 vegna viðhalds Ófeigsfjarðarveggar (649), með bréfi dags. 28.07.2019. Sótt er um að nýta allt að 3500 rúmmetra af efni í námunni en með leyfi til nýtingar er komið í veg fyrir frekari efnisflutninga í gegnum verksmiðjuna á Eyri. Þá er í leiðinni tekið skref í að hlífa fornminjum og minnka þá áhættu sem fornminjar á Eyri verða fyrir með efnisflutningum úr námunni í Urðunum á Norðurfirði.
Hreppsnefnd leggur til að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli 13.gr. skipulagslaga. Vegna legu námunnar við fjöruborðið skal leita álits Fiskistofu áður en framkvæmdaleyfið er gefið út. Þá er ítrekað að vandað verði til frágangs á efnistökusvæðinu.
2. VesturVerk ehf. óskar eftir leyfi Árneshrepps, með bréfi dags. 28.07.2019, til að sækja efni í landi jarðarinnar Eyri til viðhalds Ófeigsfjarðarveggar (649) í allt að 12 m. út fyrir miðlínu veggarins. Núverandi veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar er allt að 6 m frá miðlínu vegar.
Hreppsnefnd hafnar beiðni VesturVerks ehf. en jafnframt telur hreppsnefnd forsendur til þess að jarðrask fari út fyrir 6 m helgunarsvæði veggarins í landi Eyrar, þar sem slíkt væri eðlilegur þáttur í því að verja vegsvæðið og veginn fyrir framburði/grjóthruni, enda yrði það þá gert í samráði við sveitarfélagið. Ennfremur ákvað hreppsnefnd að sama skali gilda fyrir land Ingólfsfjarðar sem er líka í eigu sveitarfélagsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:30

Björn Torfason
Bjarnheiður J. Fossdal
Guðlaugur A. Ágústsson
Úlfar Eyjólfsson
Eva Sigurbjörnsdóttir